

**Mál nr. 259/2016****M og  
váttryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og  
váttryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur við biðstöð hópibifreiða við Miklubraut 7. júlí 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 10.8.2016

Bréf V1, dags. 22.8.2016, ásamt tjónstilkynningu, myndum og niðurstöðu tjónanefndar váttryggingafélaganna.

Bréf V2, dags. 31.8.2016, ásamt myndum.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að bifreið B var ekið aftan á bifreið A þar sem hin síðarnefnda hafði verið stöðvuð við biðskýli Strætó bs. á beygjuakrein. Bifreiðunum hafði báðum verið ekið vestur Miklubraut fyrir áreksturinn. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa stöðvað og gefið stefnumerki til að hleypa manni út úr bifreiðinni þegar bifreið B hafi verið ekið aftan á bifreið A. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið inn á beygjuakrein og ekki séð að bifreið A væri stopp fyrir en of seint og því ekki náð að koma í veg fyrir að lenda aftan á bifreið A.

M telur að það eigi að leggja alla sök á ökumann bifreiðar B fyrir að hafa ekki gætt að umferð fyrir framan sig. Það sé ekki óvarlegt að stöðva bifreið A við strætóskýlið, það hafi ekki verið strætóumferð á sama tíma og aðstæður góðar til útsýnis fyrir ökumann bifreiðar B. Hann hafi auk þess átt að gæta varúðar þar sem hann hafi sýnilega beygt inn á sérmerkta akrein fyrir hóp- og leigubifreiðar nokkuð áður en árekstur varð.

V1 telur að hvorugur ökumanna hafi fylgt nægilega fyrirmælum umferðarlaga og verði sök því að skiptast til helminga en V2 telur að alla sök eigi að leggja á ökumann bifreiðar B fyrir að hafa ekki gætt að umferð fyrir framan sig.

**Álit.**

Í 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að sá sem ekur á eftir öðru ökutæki skuli gæta þess að vera svo langt frá því að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutækið, sem á undan fer stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Slík skylda hvíldi á ökumanni bifreiðar B og eins og aðstæður voru á vettvangi telst hann ekki hafa gætt þessa nægilega vel og ber því meginsök á árekstrinum. Verður þó einnig að líta til háttsemi ökumanns bifreiðar A þar sem hann stöðvaði bifreiðina í bága við fyrirmæli í i.lið 1. mgr. 28. gr. umferðarlaga þar sem kemur fram að það megi ekki stöðva ökutæki eða leggja því í minna en 15 metra fjarlægð frá merki fyrir biðstöð hópibifreiða. Telst ökumaður bifreiðar A því einnig bera ábyrgð á árekstrinum. Þegar lítið er til allra aðstæðna á vettvangi þykir hins vegar rétt að skipta sök skv. 89. gr. umferðarlaga þannig að ökumaður bifreiðar B beri 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðar A 1/3 hluta sakar.

**Niðurstaða.**

Ökumaður bifreiðar B ber 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðar A 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 4. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.